



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

## **Forðafræðistuðlar**

### **Söfnun sýna**

Áfangaskýrsla um samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur,  
Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnunar

Ásgrímur Guðmundsson, Hjalti Franzson og  
Guðmundur Ómar Friðleifsson

OS-95017/JHD-11 B

Apríl 1995



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 720 105

## **Forðafræðistuðlar**

### **Söfnun sýna**

Áfangaskýrsla um samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur,  
Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnunar

Ásgrímur Guðmundsson, Hjalti Franzson og  
Guðmundur Ómar Friðleifsson

OS-95017/JHD-11 B

Apríl 1995

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR
2. SÖFNUN SÝNA
3. SÝNATÖKUSTAÐIR OG FLOKKUN SÝNA
4. LÝSING Á SÝNATÖKUSTÖÐUM
  - 4.1 Sýnasöfnun 1992
  - 4.2 Sýnasöfnun 1993
5. ÚRVINNSLA OG FRAMHALD
6. HEIMILDIR

Viðauki I	Skrá yfir myndir af sýnatökustöðum
Viðauki II	Grop-, lektar-, eðlisþyngdarmælingar og þunnsneiðaathuganir
Viðauki III	Efnagreiningar

## TÖFLUR

1. Flokkun sýna útfrá berggerð og ummyndun

## 1. INNGANGUR

Árið 1992 var stofnað til samvinnuverkefnis Landsvirkjunar, Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnunar um að efla rannsóknir til undirbúnings jarðvarmavirkjana og kanna hagkvæmni þeirra með tilliti til annarra valkosta í orkumálum. Eitt þeirra verkefna, sem mikil áhersla var lögð á, var að bæta þær forsendur sem lagðar hafa verið til grundvallar við forðafræðiútreikninga jarðhitasvæða. Einn liður í þeirri rannsókn er að skoða og meta eðliseiginleika bergs í jarðhitageymi. Slíkum rannsóknum hefur verið sinnt í tengslum við boranir, en það telst að stórum hluta til óbeinna athugana. Beinar athuganir á berginu í jarðhitageymi eru gerðar með kjarnatöku í borholum samhliða mælingum og er það mjög kostnaðarsamt. Leitað var leiða til að minnka kostnað við þessar rannsóknir og ákveðið að safna sýnum á yfirborði, sem gætu verið sambærileg við bergið í jarðhitageyminum. Tilgangurinn með söfnun sýna af þessu tagi og mælingum á þeim er að eignast gagnagrunn, sem inniheldur fjölbreytilegar mælingar á eðliseiginleikum berggerða. Gagnagrunnurinn þarf að vera það stór, að samanburður milli einstakra berggerða og eðliseiginleika þeirra verði marktækur. Upplýsingarnar úr gagnagrunninum nýtast síðan við mat á forðabúri jarðhitasvæða og við gerð líkana og áætlana um nýtingu svæðanna.

Í þessari áfangaskýrslu er greint frá hvar sýnum (forðafræðistuðlum) hefur verið safnað og berggerð þeirra og ummyndunarstigi. Einnig er lýst útlitseinkennum bergsins á sýnatökustað.

Í öðrum kafla, á eftir inngangi, er aðferð við söfnun sýna lýst og merking þeirra skýrð. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir vali á stöðum til sýnasöfnunar, hvernig verkinu miðaði áfram og hvernig sýnin voru flokkuð. Í fjórða kafla er nákvæm lýsing á hverjum sýnatökustað og getið um berggerð og ummyndunarstig bergsins. Í fimmta kafla er gerð grein fyrir þeim niðurstöðum er nú liggja fyrir og fyrirhugðu framhaldi.

Þrjú viðaukar fylgja skýrslunni:

Í viðauka I er skrá yfir myndir af sýnatökustöðum eins og vísað er til í texta, en myndirnar eru geymdar hjá Ásgrími Guðmundssyni á Orkustofnun.

Viðauki II inniheldur niðurstöður úr grop-, leiðni- og eðlisþyngdarmælingum, en valdir voru 226 kjarnar og sendir til erlendra rannsóknarstofa í nákvæmar mælingar. Auk þess eru þar kynntar niðurstöður þunnarneiðarannsókna við athugun á gropi.

Í viðauka III eru niðurstöður efnagreininga á 63 sýnum sem safnað var 1992.

## 2. SÖFNUN SÝNA

Til þessa verkefnis var keyptur lítill kjarnabor og eru kjarnarnir, sem hann borar, tæplega 2,5 cm (1") í þvermál og allt að 10-15 cm á lengd. Algengasta stærð sýnanna var 3-7 cm. Fjórum borkjörnum var safnað frá hverjum sýnatökustað og voru þeir merktir með bókstöfum eins og hér segir:

- A: -sýni: Notað til að mæla eðliseiginleika bergsins eins og grop, leiðni og eðlisþyngd.
- B: -sýni: Notað til varmaleiðnimælinga
- C: -sýni: Notað til efnagreininga.
- D: -sýni: Notað til þunnsneiðagerðar og hluti þess varðveittur.

Bergrerð og ummyndun réðu því hversu vel gekk að ná góðum sýnum. Lögð var áhersla á að ná í það minnsta einum góðum kjarna, sem jafnan var merktur A til mælinga á eðliseiginleikum. Sýni B var næstbesti kjarninn. Sýni C var oft kjarnabrot eða kurl ef ekki tókst vel til við kjarnatöku. Sýni D var kjarni eða kjarnabútur enda skipti þar ekki máli lögun né stærð. Súra bergið og andesítið var erfiðast í borun vegna mikillar hörku. Í mörgum sýnum þurfti oft að bora allmarga kjarna áður en fullnægjandi árangur fékkst, sérstaklega þar sem berg var sprungið eða lítt samlímt.

## 3. SÝNATÖKUSTAÐIR OG FLOKKUN SÝNA

Hafist var handa við sýnasöfnun í ágúst 1992 í Geitafellseldstöðinni í Hornafirði. Þar er gömul útkulnuð metgineldstöð, sem hafði verið kortlögð og því auðvelt að bera þar niður (Annels 19?? og Friðleifsson 1981). Alls var safnað þar 69 sýnum og eru þau merkt bókstafnum G og tölusett frá 1-69. Í lok ágústmánaðar var safnað 80 sýnum úr Hafnarfjalli og nágrenni, sem einnig er útkulnuð megineldstöð kortlögð af Hjalta Franzsyni (1978). Sýnin eru merkt bókstafnum H og töluset frá 1-80. Þá var safnað 18 sýnum upp af Hveragerði (auðkennd með bókstöfunum HG og tölusett frá 1-18), 29 sýnum af Reykjanesi og Krísuvík (auðkennd með bókstafnum R og tölusett frá 1-29). Alls var safnað 196 sýnum 1992.

Árið 1993 var sýnasöfnun haldið áfram. Valin voru voru 30 sýni úr borholukjarna frá Sandabotnaskarði í Kröflu, en holan var boruð haustið 1991. Sýnin eru merkt með bókstöfunum KH og tölustöfum frá 1 - 30. Um sumarið var 35 sýnum safnað í Esju sem kortlögð var af Ingvari Birgi Friðleifssyni (1972). Fyrstu 9 sýnin voru auðkennd með bókstöfunum EP og tölustöfunum 1-9, en næstu 26 sýni voru auðkennd með bókstafnum E og tölusett frá 10-35. Þá var sýnatöku haldið áfram í Hvalfirði, Hafnarfjalli og Skarðsheiði. Sýnin voru merkt í framhaldi af sýnaröðinni úr Hafnarfjalli frá fyrra ári og byrjaði á H-81 í H-175, alls 95 sýni. Síðla sumars var haldið á Snæfellsnes og safnað þar 47 sýnum. Flest þeirra eru úr útkulnaðri megineldstöð, sem kennd er við Setberg I og II, og var kortlagt af Haraldi Sigurðssyni (1970). Sýnin voru auðkennd með bókstafnum S og tölusett frá 1-47. Alls var safnað 207 sýnum árið 1993 og í allt 403 sýnum.

Öll sýnin eru flokkuð eftir ummyndun og berggerð eins og sýnt er í töflu 1. Í lýsingu á sýnatökustöðum er tilgreint hvar sýnið fellur inn í töfluna, samanber skáletrun í lok hverrar lýsingar. Bókstafirnir standa fyrir ummyndunarbelti eins og hér segir:

- B: ferskt berg,
- C: smektít ummyndunarbeltið
- D: blandlagsbeltið
- E: klórít beltíð,
- F: klórít-epidót beltíð
- G: epidót-amfiból beltí

Bergerðirnar eru einnig flokkaðar niður og táknaðar með tölustöfum eins og hér segir:

- 9: Breksía (kargi)
- 10: Fín.-meðalkorna basalhraun
- 11: Meðal.-grófkorna basalhraun
- 12: Dílótt basalhraun
- 15: Fín-meðalkorna basaltinnskot
- 16: Meðal-grófkorna basaltinnskot (dólerít)
- 17: Dílótt basaltinnskot
- 18: Gabbró
- 21: Bólstraberg
- 22: Breksía
- 23: Túff
- 24: Set
- 29: Íslandít (andesít)
- 30: Dasít
- 31: Ísúr breksía
- 33: Díórít
- 38: Líparít
- 39: Rhyolít
- 40: Ignimbrít
- 41: Súrt túff
- 42: Granódíórít
- 43: Granófýr
- 48: Rauð millilög
- 49: Annað set

	A	B	C	D	E	F	G	H
1								
2	<b>BERGGERÐ</b>		<b>UMMYNDUNARSTIG</b>					
3								
4		<i>Ferskt</i>	<i>Smekttt/ zeóltar</i>	<i>Blandlög</i>	<i>Klórít</i>	<i>Klórtt/ epidót</i>	<i>Epidót/ amfiból</i>	<i>Samtals:</i>
5	<b>BASALT</b>							
6								
7								
8	<b>HRAUNLÖG</b>							
9	Basaltkargi	5	3	7		12	4	31
10	Fínk.-meðalkornótt	9	23	13	2	22	27	96
11	Meðal.-grófkornótt		9				4	13
12	Dílótt	2	9	2		8	1	22
13								
14	<b>INNSKOT</b>							
15	Fín.-meðalkornótt gangberg		11	5	3	12	14	45
16	Meðal.-grófkornótt gangberg		13	5	3	7	5	33
17	Dílótt gangberg			2		5	11	18
18	Gabbró					6	6	12
19								
20	<b>MÓBERG</b>							
21	Bólstraberg	12	12	2				26
22	Breksía	9	5	1		3	1	19
23	Túff	8	4	4	3	3		22
24	Set	1		1				2
25								
26	<b>ÍSÚRT BERG</b>							
27								
28								
29	Íslandít (andesít)		4			2		6
30	Dasít		1					1
31	Breksía							0
32								0
33	Díórít						2	2
34								
35	<b>SÚRT BERG</b>							
36								
37								
38	Líparít		9			5	4	18
39	Rhyolít		5			2	2	9
40	Ignimbrít		5					5
41	Túff		6			3		9
42	Granódíórít							0
43	Granófýr					1	6	7
44								
45	<b>SETBERG</b>							
46								
47								
48	Rauð millilög							0
49	Annað set	2	3			1	1	7
50	Samtals:	48	122	42	11	92	88	403

## 4. LÝSING Á SÝNATÖKUSTÖÐUM

### 4.1 SÝNASÖFNUN 1992

#### Geitafellseldstöðin í Hornafirði

Um nánari skýringar á bergeiningum, æðakerfum og ummyndunarfösum vísast í doktorsritgerð Guðmundar Ómars Friðleifssonar (1983).

G-1. Geitafellsgil, súr gangur úr fasa 4 og æðakerfi 3-5. Tvær litskyggnur eru til af staðnum.

*G-39*

G-2. Geitafellsgil, 3 m austan við sýni G-1. Mjög sprungin basaltbreksía og sprungur fylltar. Sýni tekið í keilugangasvarmi. Ein litskyggna af staðnum.

*G-9*

G-3. Geitafellsgil, fínkornótt þóleiút hraunlag. M.a. epidót, klórít og prenít í blöðrum. Bergið er blöðrótt, en fyllt og mjög þétt í sér. Þrjár litskyggnur eru til af staðnum.

*F-10*

G-4. Geitafellsgil, plagíóklasporfýr með þéttum grunnmassa. Allar blöðrur fylltar, sprungur áberandi og fylltar, ummyndunarbönd (e.t.v. merki um sprungur sem ekki sjást) og straumflögun. Tvær litskyggnur eru til.

*F-12*

G-5. Geitafellsgil, plagíóklasporfýr. Blöðróttur með morkna ásýnd, blöðrur fylltar að hálfu eða öllu leyti. Berg mjög brotið og straumflögótt. Sýni tekið við neðri jaðar lagsins. Ein litskyggna er til.

*F-12*

G-6. Geitafellsgil, sama lag og G-5 en í þéttara bergi líklega 6 m ofar. Bergið er plagíóklas- dílótt, með þéttum grunnmassa annars á lýsingin við í G-5. Ein litskyggna er til.

*F-12 .*

G-7. Geitafellsgil, enn sama berg en nú 1-2 m ofan við G-6 og 1 m neðan við keilugang. Ein litskyggna er til.

*F-12 .*

G-8. Geitafellsgil, plagíóklasdílótt straumflögótt basalhraunlag með fínkornóttum þéttum millimassa. Sýnið er tekið úr blöðróttum neðri hluta lagsins. Ljósgrænn leir fyllir blöðrur, zeólítar (m.a. skólesít og laumontít) og epidótæðar sjást. Þrjár litskyggnur eru til.

*F-12 .*

G-9. Geitafellsgil, í sama hraunlagi og G-8 u.þ.b. 1.5 m ofar, en þar er bergið þéttara en nokkuð sprungið. Ein litskyggna er til.

*F-12*

G-10. Geitafellsgil, sama hraunlag og G-9 en nú borað ofan á topp hraunlagsins s.s. hornrétt á G-9 en samsíða G-8. Ein litskyggna er til.

*F-9*

G-11. Geitafellsgil, úr líparíteiningu 1. Dæmigert straumflögótt ljóst og smáblöðrótt. Ein litskyggna er til.

*F-38*



G-12. Geitafellsgil, móbergsbreksía úr móbergseiningu 1. Bergið er grágrænt á lit, minnir einna helst á þursaberg og er mjög epidótríkt.

F-22

G-13. Geitafellsgil, grágrænt túff úr móbergseiningu 1 og er mjög epidótríkt. Bergið líkist mjög því sem kallað er móbergssæt vegna samlímdra smárra korna, þau stærstu allt að 1 cm.

F-23

G-14 Geitafellsgil, straumflögóttur auðboranlegur líparítgangur. Borað í hann þar sem hann klofnar í tvennt og myndar eyju af breksíu í sér miðjum. Gangurinn er víðast um 1-2 m á þykkt og liggur í stefnu gilsins, þ.e. 25°. Sýnin voru tekin samsíða straumflögum. Myndir teknar á pappír.

F-38

G-15. Kráksgil - Basalteining 1a. Fínkornótt svart þóleiít, sem virkar ferskt að sjá í handsýni. Bergið er mjög þétt og a.m.k. 10 m þykkt, skorið af göngum úr fasa 5. Bergið er smásprungið. Þrjár litskyggjur eru til.


G-10

G-16. Kráksgil - Basalteining 1a. Fínkornótt þóleiítþraun ljósgrænt á lit og sprungið milli keiluganga. Borað ofan í áberandi epidótummyndun. Þrjár litskyggjur.

G-10

G-17. Kráksgil - Basalteining 1a. Tekið úr sama lagi og G-16 en tekið úr ferskari hluta þess. Ath. sýnin voru nokkuð dreifð í laginu vegna erfiðleika við að ná A-sýni, en þau voru nokkurn veginn í sama lárétta laginu. Ein litskyggja.

G-10



G-18. Kráksgil - Basalteining 1a. Fínkornótt blöðrótt en þétt og dílótt þóleiítþraunlag. Blöðrur fylltar af klóríti, epidóti o.fl. Ein litskyggja.

G-12

G-19. Kráksgil - Basalteining 1a. Tekið úr sama hraunlagi og G-18, en nú borað lóðrétt niður í efri hluta þess þ.e. hornrétt á G-18. Hraunlagið um 3m á þykkt og sýnið tekið úr breksíuhlutanum. Ein litskyggja.

G-9

G-20. Kráksgil - Basalteining 1a. Borað í þéttan karga milli hraunlaga, minnsta kosti 2 m þykkur grágrænn á lit með brúnleitri slikju. Ein litskyggja.

G-9

G-21. Kráksgil - Basalteining 1a. Borað í stein í gilinu, sem er eins og hraunlögin fyrir ofan. Það var gert vegna mikillar frostveðrunar og þar af leiðandi myndunar á þunnum flögum við yfirborðið. Hraunlagið er mjög blöðrótt grænt á lit. Ein litskyggja er til.

G-10

G-22. Kráksgil - Basalteining 1a. Í mynni Kráksgils. Borað ofan í ljósgrænt ummyndað basalt með epidót, granat og aktínólít í. Steinn var tekinn úr því til að bora í, þar sem allt bergið var sprungið og flögótt vegna frostveðrunar.

G-10

G-23. Námagil í Hoffeldsdal - Móbergseining 2. Sýni tekið við efri mörk á grænu túffi eða þar sem litaskipti eru yfir í brúnt. Ath. bergið sýnir víðast hvar einkenni móbergssets, þ.e. samlimdir smá molar í þessu tilviki kantaðir. Ekki tókst að ná almennilegum kjarna A og var því sýni merkt A+B. Tvær litskyggjur eru til.

D-23

G-24. Námagil í Hoffeldsdal - Móbergseining 2. Brúnt vel samliamt túff með smábrotum og vel samliamt og er neðan við græna beltið. Myndir 28 og 30. Rétt ofan við eru dreifðir bólstrar í móberginu með ásýnd eins og um dílótt basalhraun væri að ræða. Bólstranir hafa verið tengdir innbyrðis með sprungum og er lánmontít aðal ummyndunarsteind í þeim. Tvær litskyggjur eru til.

D-23

G-25. Námagil í Hoffeldsdal - Móbergseining 2. Borað í fínkornótt set með hvarfleirs einkenni. Gæti verið 10-20 m þykkt. Það fær túfflegri ásýnd ofar. Athuga ber að staðurinn er utan við Geitafellsöskjuna. Ein litskyggja er til.

D-24

G-26. Námagil í Hoffeldsdal - Basalteining 2. Kargi á hraunlagi. Zeólítar eru áberandi holufyllingar (analsím, apófillít? +) ásamt kalsíti. Mynd Ein litskyggja er til.

D-9

G-27. Námagil í Hoffeldsdal - Basalteining 2. Í sama lagi og G-26 en nú 15-20 cm neðar í þéttari hluta lagsins, en það er 1-2 m á þykkt og er fínkorna.

D-10

G-28. Námagil í Hoffeldsdal - Basalteining 2. Borað í zeólítafyllta breksíu milli hraunlaga. Lagið er þykkt með þunnu stáli en þykkri breksíu. Tvær litskyggjur eru til.

C-9

G-29. Námagil í Hoffeldsdal - Basalteining 2. Sýni tekið úr bergstáli í þétu fínkorna basalti 5m þykku með 1-2 m þykkri breksíu fyrir ofan og neðan. Sýnið sennilega tekið í efri hluta hraunlagsins. Strik 305° og halli 35° til austurs. Tvær pappírmyndir eru til.

C-10

G-30. Námagil í Hoffeldsdal - Basalteining 2. Sýni tekið úr þétu fínkorna þóleiítbasalhrauni. Það sést nokkra metra þykkt stál með vel þjöppuðum karga undir.

C-10

G-31. Móbergs- eða basaltbreksía, sem stratigrafískt tilheyrir H-I einingu, en opnan hér í Námagili er nokkuð þunn, og hraunlög sem tilheyra B-II ofan við og B-I neðan við. Kjarninn er tekinn úr millimassa efni í breksíunni (því annars værum við í basaltsteini). Súr bergbrot sjást í breksíunni líka. Vera má að þetta móberg sé flank set úr H-I.

C-9

G-32. B-I í Hoffeldsfjalli milli Skoru og Selgils. Á að vera á mörkum blandlags- og klórítbeltis í ca 150 m y.s. Borað er í þétta hluta hrauns sem er brúnveðrað, fínkornótt þóleiít, 4-5 m þykkt.

D-10

G-33. Feldsat dílótt þunnt hraun (1 m þétt, 1 m kargi). Kjarninn er boraður hornrétt á flæðilegu í þétta hluta hraunsins.

D-12

G-34. Úr karganum á næsta hrauni neðan við, eða úr blöðróttu hlutanum.

D-9

G-35. Stóraskriðugil, í klórítbeldi fremur en blandlagsbeldi. Þétt fínkornótt þóleiúf hraun, 5-6 m þykk, með 1 m kargalagi ofaná. Kjamarnir eru boraðir inn í hraunið samsíða flæðiböndum, 1 m ofan við botns hraunsins.

D-10

G-36. Borað í blöðróttan efri hluta sama hrauns og G-35. Blöðrótti hlutinn er ca. 1.5-2 m á þykk og er kjarninn tekinn 30-40 cm ofan þetta hlutans.

D-10

G-37. Sama hraun og G-36/36 en ca 1 m ofan þetta hlutans. Þetta sýni er áberandi blöðróttara en G-36.

D-10

G-38. Þétt þóleiúf hraun ca 4 m þykk með 1 m karga. Sýnið er tekið ca 1 m frá botni til samanburðar við G-35 í sama klórítbeldi. Blöðrur sjást vel með berum augum og þrímer groppa því líklega hærrí. Epidót sést ekki í sýninu en aðeins vottar fyrir því í lausu kargaefni í farvegi þessa gils.

D-10

G-39. Súrt rhyolít hraun úr botni B-I myndunnar. Fullt af epidóti. Sýnið var tekið í handsýni til borunnar í Reykjavík vegna hörku.

G-39

G-40. Geitafellsgabbró. Sýni tekið úr Geitafellsgabbóri, sem er innskotafasi 2 í eldstöðinni. Borað var í laust grjótt úr grjótnámu (Seðlabankinn). Pappírsmýndir eru til.

G-18

G-41. Í mynni Geitafellsgils. Gangur úr fasa 5 í gabbrói. Berg er meðalgróft og blöðrur sjást. Ein pappírsmýnd.

G-16

G-42. Í mynni Geitafellsgils. Gangur úr fasa 10 (?) í gabbrói einnig með aðliggjandi granófýr. Gangurinn er blöðróttur. Tvær pappírsmýndir.

F-16

G-43. Í mynni Geitafellsgils. Sýni tekið úr 60 cm þykkum gangi, sem var dílóttur inn við miðju. Sýni var tekið utan við dílóttu hlutann (innskotafasi 6).

G-17

G-44. Í mynni Geitafellsgils. Sýni tekið úr sama gang og G-43 en nú úr dílóttari hlutanum. (innskotafasi 6)




G-17

G-45. Í mynni Geitafellsgils. Sýni úr keilugangi, sem tilheyrir fasa 6. Gangurinn er 80 cm þykkur og blöðróttur við kæliflötinn og dílóttur.

G-17

G-46. Í mynni Geitafellsgils. Úr sama keilugangi og G-45 en nú þvert á ganginn í gegnum blöðróttan jaðar.

G-17



G-47. Í mynni Geitafellsgils. Úr keilugangi, sem tilheyrir fasa 6. Gangurinn er 80 cm þykkur. Bergið er dílótt og útfellingar í sprungum. Gangapéttleiki er 95-100 %.

G-17

G-48. Geitafellsgil. Sýni tekið úr dólerítgangi, sem tilheyrir fasa 7. Gangurinn er dílóttur inn að miðju, en hann er um 1.5 m á þykkt. Sýni tekið úr hlið hans þar sem fylla hefur brotnað úr. Stefna 270° og halli 60°.

G-17

G-49. Geitafellsgil. Sýni tekið úr keilugangi úr fasa 5 þ.e. úr jaðri hans. Gangurinn er yfir 1 m á þykkt

G-16

G-50. Geitafellsgil. Sýni tekið úr dulkornóttum gangi sem hríslast ofan við G-49 og er 5-15 cm þykkur.

G-15

G-51. Geitafellsgil. Sýni tekið úr keilugangi, sem tilheyrir fasa 5. Steinn var tekinn úr ganginum og boraður.

G-16

G-52. Geitafellsgil. Sýni tekið úr 1.5 m þykkum gangi úr fasa 5, rétt við G-51.

G-16

G-53. Geitafellsgil. Tveir steinar teknir til að bora, sem tilheyra fasa 4 og er hann súr. Gangurinn er líklega 50-60 cm þykkur og er annar jaðarinn að minnsta kosti mikið brotinn.

G-39

G-54. Geitafellsgil. Sýni úr dólerítgangi, sem tilheyrir fasa 12. Gangurinn er 1-2 m á þykkt.

C-16

G-55. Gjátungur. Sýni tekið úr miðjum porfýrískum gangi, sem tilheyrir fasa 10. Gangurinn er 4 m á þykkt og sker móberg en rétt við er súr gangur úr fasa 11. Stefna 38°. Myndir eru til af sýnatökusvæðinu í Gjátungum.



F-17

G-56. Gjátungur. Sýni tekið úr sama gangi og G-55 en nú við jaðar hans. Ath. gangurinn er mikið brotinn og liggja æðar langs og þvers.

F-17

G-57. Gjátungur. Líklega "feeder dyke" og þá fasi 1. Smá stubbur sést af honum í móbergsmyndun 2 og er 1 m á þykkt og sýni tekið úr honum miðjum. Epidót sést á kæliflötum og súlfíð sést í fínkornóttu gangberginu. Stefna 163°.

F-16



G-58. Gjátungur - Móbergseining 2. Sýni tekið skammt frá G-57 og rétt við fasa 11, sem er súr. Bergið er mjög túfflegt. Þetta er rétt við jökuljaðarinn.

F-23

G-59. Gjátungur. Keilugangur sem tilheyrir fasa 8 og sker móbergsmýndun 2. Gangurinn er 50-80 cm þykkur og var sýnið borað úr hlið hans. Hann er fínkornóttur, blöðróttur, stakdílóttur og sést epidót í þeim.

F-15

G-60. Gjátungur. Dólerítkeilugangur, sem tilheyrir fasa 5. Sýni var borað þvert á hann að ofanverðu. Mikið kraðak var af flestum Innskotafösunum þarna í nágrenninu. Rissmynd í feltbók.

F-16

G-61. Gjátungur. Sýni úr keilugangafasa 6. Hann er pofrýrískur og u.þ.b. 1 m á þykkt. Sýni var tekið þvert á stuðlun.

F-17

G-62. Gjátungur. Gangberg, sem tilheyrir fasa 7. Hann er porfýrískur og grófkornóttur, grænleitur að sjá og epidótríkur. Epidót virðist koma í stað plagíóklas í dílum. Sýni var tekið í gegnum jaðar gangsins samsíða stuðlun.

F-17

G-63. Gjátungur. Handsýni var tekið úr súrum gangi til þess að bora í bænum. Sýnið er nokkurn veginn úr miðjum ganginum, en hann er nokkra metra þykkur (Innskotafasi 11).

F-39

G-64. Gjátungur. Dólerítgangur, sem tilheyrir fasa 12. Sýnið er tekið nokkurn veginn í miðjum ganginum, sem er um 4 m þykkur. Utaní ganginum eru 10-40 cm þykkar æðar af kalsíti, kvarsi og súlfíðum.

C-16

G-65. Gjátungur. Sýni tekið í 0.5 - 1 m breiðri sónu á jaðri dólerítgangsins, sem sýni G-64 var tekið úr.

F-16

G-66. Gjátungur. Basaltbreksía líklega tengd hraunlögum, en erfitt er að meta þykkt þeirra. Sennilega fáeinir metrar á þykkt.

F-9

G-67. Gjátungur. Sýni tekið um 5m ofan við G-66 í fínkornóttu basalt hraunlagi, en það er fínblöðrótt og þær fylltar af klóríti.


F-10

G-68. Innst við Þverá austan Efstafellsness. Sýni tekið úr bergstáli fínkorna. Þóleíttshraunlags, en skammt frá sýnatökustaðnum er 20-40 cm þykk kalsítæð.

F-10

G-69. Hraun úr basalteiningu B-I rétt norðan Kráksgils í aktínólít belt. Hraunið er þétt ásýndar, þóleíft, 4-6 m þykkt, fínkornótt. Borað var í mitt hraunið samsíða flæði (halli 10-15°).

G-10



## Hafnarfjall

Nánari jarðfræðilýsingar er að finna í doktorsritgerð Hjalta Franzsonar (1978)

Gilið upp að Hrossatungugabbrói sem kennt er við Votukletta.

H-1. Hraunlag undir eða á milli dólerít keiluganga. Bergið er fínkorna, blöðrótt, ljósgrænt í brotsári. Blöðrur helmings fylltar til tómar, svo og einnig fylltar, mest af klóríti. Tvær litskyggjur eru til. Sýni A Mjög blöðrótt, ca. 90% fylltar.

G-10

H-2. Keilugangur (hæð 105 m y. s.), um 5 m ofan við hraunlagið. Bergið er fín-meðalkorna plagíóklas- dílótt (smáir dílar). Ein litskyggja er til. Sýni A; Blöðrulaust, 1 sprunga með ca. 10°horn (0° horn er þvert á langás kjarnans, 90° er samsíða langásnum).

G-15

H-3. Grannberg við 1 m þykkun keilugang (H-2) að ofanverðu.. Bergið er fínkorna, ljósgrágrænt, blöðrótt og blöðrufyllt af a: svörtum leir > klórít, b: Hvítar fyllingar með epidóti og etv granati. Bergið er plagíóklasdílótt. Mynd 20. Sýni A; Mjög blöðrótt, ca 90% fyllt. Sprungur ekki sjáanlegar.

G-10

H-4. Gabbró eða grófkorna dólerít keilugangur, flögótt berg (hæð 115 m). Fyrsta haftið í gílinu. Bergið grá-grænleitt. Sýni A; Dólerít, þétt og sprungulaust.

G-18

H-5. Kolummyndað hraunlag milli keiluganga. Grænleitt að lit, fínkorna, blöðrótt. Epidót, granat? og magnetít. Bergið mjög flögótt. Sýni A; Geysilega blöðrótt, allt fyllt, bergið allt að því glerkennt, vottar fyrir sprungum.

G-10

H-6. Keilugangur (150m hæð).


Hlíðarnar mjög skriðuorpnar og lítið að sjá annað en keiluganga með reglulegu millibili. Keilugangurinn er um 1 m breidd, grófkorna og grár að lit. Feltnmynd sem sýnir afstöðu sýna H-6, 7 og 8. Ein litskyggja er til. Sýni A; Grófkorna basalt, þétt, 2 sprungur, önnur un 90° og hin um 20°.

G-15

H-7. Mjög blöðrótt hraunlag rétt við kontaktinn á keiluganginum (sem sýni H-8 er tekið úr). Bergið er grænt að lit. Hvítar blöðrufyllingar en gulur blær bendir til viðveru epidóts. Bergið fínkorna grátt. Gæti verið við lagmót. Plagíóklas dílar sjást. Ein litskyggja er til. Sýni A; Mjög blöðrótt, fylltar og 5 sprungur.

G-10

H-8. Keilugangur, borað ofan í miðju hans. Gráleitt meðal-grófkorna og líklega plagíóklasdílótt. Ca. 1 m þykkt. Sýni A; Dólerít, stakblöðrótt, fylltar. Hálfopin sprunga, ca. 50° efst í kjarnanum.



*G-17*

H-9. Hraunlag milli keiluganga. Fínkorna og þétt og smásprungið grátt að lit. Sýnið tekið rétt ofan við H-8. Epidót sést í sprungum. Ein litskyggna er til. Sýni A; Blöðrulaust, þéttsprungið, mest 90° og 0°.

*G-10*

H-10. Borað ofan í fínkorna þétt basalt í hornfels-sónu. Um 1 m neðan við keilugang. Smásprungið og smáblöðrótt og grásvart að lit. Ekki unnt að geta sér til um þykkt vegna keilugangnakraðaks. Ein litskyggna er til. Sýni A; Smáblöðrótt, fyllt, þétríðið net af sprungum, >10 sprungur, <80° og >10°.

*G-10*

H-11. Hraunlag úr hornfelssummyndun í komplex af göngum og keilugöngum (hæð 175 m). Sýni A; Örlar á smáum blöðrum, fylltum og 2 sprungur undir um 60° horni.

*G-10*

H-12. Gangur með strik 30-35° með 60-70° austlægum halla og 1-1.5 m að þykkt. Sýni A; Þétt sprungulaust og kristöllun breytileg í berginu.

*G-15*

H-13. Fínkomótt blöðrótt hornfels basalt í gangakomplex eins og H-12, en þetta er austan við N-S gangana, sem lækurinn liðast eftir. Bergið er mjög ummyndað í kringum blöðrumar, er dökkgrænt í blöðrum en lýsist út frá þeim. Ein pappírsmýnd er til af H-11, H-12 og H-13. Sýni A; Smáblöðrótt fyllt, sprungur algengar undir <60° horni. 1 sprungan virðist opin við yfirborð kjarnans.

*G-10*

H-14. Gabbró áður en það verður grófast, mætti kalla meðalkorna (hæð 250 m). Sýni A; Þétt sprungulaust gabbró, grænleitt í annan endann, etv. vegna yfirborðsveðrunar.

*G-18*

H-15. Gabbró um 10 m ofar en H-14. Sýni A; Þétt blöðrulaust gabbró.

*G-18*

H-16. Fínkorna gabbró í 230 m hæð einhvers konar utaná liggjandi. Ein pappírsmýnd er til af H-14, H-15 og H-16. Sýni A; Þétt blöðrulaust dólerít að því er best verður séð.

*G-18*

Við Leirá innan öskjunnar í epidót-sónu.

H-17. Fínkorna póleiít hraunlag, Mjög flögótt, svipað og H-18 hvað varðar þykkt og útlit. Sýni A; Stakblöðrótt og fyllt, 4 sprungur, undir 90° horni.

*F-10*

H-18. Fínkorna grásvart póleiít hraunlag, Þétt og blöðrótt til jaðrana. Lágmarksþykkt 5 m. Sýni A; Þétt, stakblöðrótt, fylltar. Vottar fyrir sprungum.

*F-10*

H-19. Blöðrótt póleiít hraunlag, ca. 2 m frá toppi, en þar eru laggangar. Bergið er grágrænt og verulega ummyndaðra en í sýninu á undan. Klórít, epidót, lámontít o.fl. Þykkt >5m. Sýni A; Mjög blöðrótt, ekki allar fylltar. Sprungur algengar, mest undir um 70° horni.

*F-10*


H-20. Samskonar sýni og H-19. Sýni A; Mjög smáblöðrótt, fylltar og um 4 óreglulegar sprungur.

F-10

H-21. Hraunlag, borað um 1.5 m frá toppi lags sem er a.m.k. 2.5 m þykkt en ekki sést í botninn. Um 1.5 m fyrir ofan er um hálf metra þykkur laggangur. Bergið er blöðrótt. Feltmynd af afstöðu H-17-22. Sýni A; Porur fylltar >90% og lóðréttar (90°) sprungur í kjarna.

F-10

H-22. Kargi ofan á laggangi. Ath. veðrun kargans ávöl líkt og sést í ólivín þóleiít en aftur á móti er veðrun hraunanna mjög þóleiítleg. Karginn er nánast svartur, en víða verður hann snögglega ljósgrænn vegna ummyndunar. Sýni A; Dílótt berg Blöðrur algerlega fylltar og sprungur algengar.



F-9

H-23. Í um 2 m þóleiítkarga ofan á 3-5 m þykku hraunlagi. Sýni A; Mjög blöðrótt, fylltar um 90% og a.m.k. 2 sprungur.

F-9

H-24. Í 3-5 m þykku þóleiít hraunlagi ofan á þóleiít hraunlagi sem H-23 var tekið úr. Sýni A; Stakblöðrótt og fylltar, 2 sprungur, önnur 90 og hin 0°.


F-10

H-25. Mjög svipaðar aðstæður og í H-23 en ekki eins skýrar vegna skriðu. Sýni A; Blöðrótt, fylltar og sprungur undir 45° horni.

F-9

H-26. Sýni A; Smáblöðrótt að mestu leirfylltar og sprungulaust.

F-10



Ytra-Seleyrargil í Hafnarfjalli, epidót-sóna (etv. epidót-amfíból)

H-27. Setlag rétt ofan við gömlu vatnsveitu Borgarness. Mjög flögótt, og í því má sjá kúluummyndun, þ.e. dökkgráleitar kúlu eða rákir sem raða sér línulega og hafa meiri ummyndun en ljósara bergið í kring. Ljósgrænt sýni tekið úr steini í skriðunni. Sýni A; Glerstrúktúr sést í berginu, og eru porur fylltur, 4 sprungur undir 45° horni.

F-49

H-28. Blöðrótt fínkorna basalt nálægt toppi. Opnur í lagið takmarkaðar (130 m hæð). Töluvert sést af zeólítum í blöðrum, smáum og stórum. Epidót. Sýni A; Stakblöðrótt og 2 sprungur undir 30° horni.

F-10



H-29. Tekið úr hraunlagi í lækjarfarvegi skammt ofan við H-28 (130m). Borað rétt við innskot og hluti sýnis gæti verið úr kontakti. Sýni A; Sprungur mjög algengar undir 20-40° horni.

F-10

H-30. Tekið úr innskoti ofan við hraun, þ.e. laggangi. Bergið grængrátt.

F-15

H-31. Fínkorna gangur, straumflögóttur og eru hvítar útfellingar í flöguninni. Stefna 20°. Allt að 4 m og er samsettur. (hæð 140 m). Sýni A; Þétt, sprungur algengar undir 70-90° horni.

F-15

H-32. Gangur svipaður og H-31. Tekið úr miðju hans. Sýni A; Stakblöðrótt og fyllt, nokkrar microsprungur undir 20-30° horni.

F-15

H-33. Mjög klórítífyllt hraun, blöðrótt og með epidóti. Sýnið sennilega tekið í efri hluta hraunlagsins. Sýnastaðurinn er rétt ofan við gilmótin. Tvær pappírsmyndir eru til. Sýni A; Þéttblöðrótt og fyllt, sprungur algengar, undir 70-90° horni.

F-10

H-34. Blöðrótt berg líkt og hraunlag um 1 m NV við ganginn í H-31. Feltmynd. Sýni A; Nokkuð blöðrótt og fyllt, engar sprungur.

F-10

H-35. Inni í miðjum ganginum. Sýni A; Þétt-smáblöðrótt og fyllt, engar sprungur. Feltmynd sem sýnir afstöðu sýna H-35, 36 og 37.

F-15

H-36. Gangur (ath. mynd í feltbók). Í H-36 er gangurinn smáblöðróttur og í kjarnanum eru þær fylltar klóríti. Sýni A; Mjög smáblöðrótt og þær fylltar, engar sprungur.

F-15

H-37. Borað í hraun í ca. 1 m fjarlægð frá gangi. Berg er fínkorna og þétt og engar blöðrur (etv ekki hraun). Sýni ; Blöðrulaust, sprungur algengar.

F-10

H-38. Keilugangur strik 120°, um 1 m að þykkt. Sýni A; Þétt, blöðrur sjaldgæfar og þá fylltar, sprungulaust.

F-15


H-39. Sýni tekið úr miðjum laggangi sem liggur á milli tveggja hraunlaga. Gangurinn um 40-50 cm þykkur. Sýni A; Þétt án sprungna.

F-15

H-40. Efra yfir borð á hrauni rétt fyrir ofan H-39. Sýni A; Virðist stakblöðrótt og fyllt, ca. 8 óreglulegar sprungur.

F-10

H-41. Breksía ofan á hraunlagi, grænleitt að lit smásprungið. Bergið er dökkt að sjá en við blöðrur og sprungur lýsist það mjög vegna aukinnar ummyndunar. Ath. Ekki unnt að sjá þykkt hraunlagsins þar sem það sést aðeins ofan á það í klöppinni. Erfitt að ná í A-sýni.



Sýni A; Blöðrulaust að því er virðist, sprungukraðak, nokkrar þeirra opnar við yfirborð kjarnans.

*F-9*

H-42. Borað í nánast það sama og í H-41 eða um 4 m norðar. Bergið er breksíukennt að sjá (um 200 m hæð). Tvær pappírsmýndir. Sýni A; Blöðrulaust, mikið sprungukraðak mest undir 70° horni.

*F-9*

H-43. Yfirborð á hrauni. Sýnið blöðrótt. Hluti kjarnans er oxaður, þeir eru mjög blöðróttir með ljósgrænum leir í blöðrum. Ein pappírsmýnd. Sýni A; Mjög blöðrótt og fyllt, margar sprungur, óreglulegar, ein þeirra opin.

*F-10*

H-44. < 6 m þykkt hraunlag, nærri 50 cm þykkum gangi. Bergið er smáblöðrótt og brotið vegna nálægðar gangsins, en sýnið gæti verið úr miðju hraunlagsins eða samsvarandi hluta þess. Ein pappírsmýnd. Sýni A; Blöðruvottur og fyllt, 5 sprungur, ein áberandi 90°, hinar um 45°.

*F-10*

H-45. Borað í setlag milli fínkorna hraunlaga. Setlagið er lagskipt og fínkorna mjög (hæð 210 m). Feltmynd af afstöðu sýna H-45, 46 og 47. Ein pappírsmýnd af H-45, H-46, H-47 og H-48 H. Sýni A; Líklegast kargi, mjög blöðrótt, fyllt, ein sprunga 90° horn.

*F-9*

H-46. Borað er í ljósa ummyndun í breksíu nærri yfirborði hraunlags. Sýni A; Túffbreksía, þorur fylltar. 1 sprunga undir 45° horni.

*F-9*

H-47. Borað í hraunlag, það sama og H-46, og er 0,5-1,0 m neðan þess. Bergið er fínkorna og enn nokkuð breksíulegt. Bergið er mjög epidótríkt. Sýni A; Smáblöðrótt, jafnvel túffkennt, fyllt. 3 sprungur undir 45-90° horni.

*F-10*

H-48. Borað í epidótríka sónu í basalti, þ.e. sama basalti og í H-47 en litlu neðar í læknum. Sýni A; Líkist túffi, holufyllt, 2 sprungur undir 90° horni.

*F-10*

H-49. Borað rétt ofan við neðri lagmót í 8 m þykku plagíóklas dílóttu hraunlagi. Þetta er rétt fyrir utan öskjujaðarinn. Hæðarmælir í 235 m. Ein pappírsmýnd af H-49 og H-50. Sýni A; Smáblöðrótt og fyllt (einkum með dökkum leir), ein óveruleg sprunga undir 90° horni.

*F-12*

H-50. Breksía neðan sýnis H-49 og er líklegast karginn úr hraunlaginu fyrir neðan. Sýni A; Nokkuð blöðrótt fyllt, sprungukraðak, en mjög smáar, nema 2-3 stærri sem virðast opnari nærri yfirborði.

*F-9*

H-51. Gulleit súr breksía í lækjarfarvegi um 2-3 m innan við öskjujaðarinn. Sýni A; Sýnið mjög ósamleit. Smávegis ófyllt holrými á staka stað. Sprungunetskraðak undir mestmegnis 45° horni. Sumar virðast opnar við yfirborð kjarnans.

*F-41*

H-52. Fínkorna gangur á öskjujaðri, mjög ummyndaður grágrænn að lit. Sýni A; Blöðrulaust. 2 sprungur.

F-15

H-53. Borað í grófgerða basaltbreksú í lækjarfarvegi ca. 30-40 m ofan og innan við kalderujaðarinn. Sýni A; Mjög blöðrótt og fyllt, fjöldi óreglulegra sprungna.

F-9

H-54. Breksía í lækjarfarvegi aðeins ofan við kalderujaðar, og ca. 100 m innan við kalderujaðarinn (hæð skv. hæðarmæli 270 m). Breksían er gulbrún og svört?, etv. gefur epidótið þessa ásýnd. Kjarnataka léleg. Ein pappírsmýnd. Sýni A; Þétt smáblöðrótt og fyllt, fjöldi sprungna (að mestu fylltar epidóti).

F-22

H-55. Súrt túff samlímt sem er mest í þessari súru seríu (275m hæð), sem sést í ofanverðu gilinu innan kalderunnar. Sýni A; Holufyllt túff, sterk 45° sprungunet, 2 þeirra drekka í sig vatn.

F-41

H-56. Líparít. Þar sem lagið sem borað var í í H-55 breytist úr setkenndu efni í kristallað ca. 10 m ofar. Sýni A; Stakar porur 90% fylltar, sprungukraðak.

F-38

H-57. Granófýr sýni tekið úr Flyðrunum í Hafnarfjalli úr hnullungi sem lá nærri veginum. Bergið hart og þess vegna tekinn hnullungur til borunar seinna. Bergið er mjög gropið, epidót í blöðrum, etv. prímert? Sýni A; Nokkuð smáblöðrótt og ófyllt. Engar sprungur.

F-43

#### Akrafjall, vestan megin í fjallinu við bakka Berjadalsár

H-58. Boraður kjarni í 8-10 m þykkt dýlött basalt rétt neðan við brúna á Berjadalsá. Í efsta hluta mesólít-skólesít belti. Bergið hefur einkennandi kúlu-veðrun ólivín þóleiíts. Ein pappírsmýnd. Sýni A; Mjög dýlött. 3-4 sprungur virðast opnar við kjamayfirborð.

C-12

H-59. Hraunlag ofar í ánni. Um 1 m þykkur breksíeraður toppur eða botn á hraunlagi. Mjög zeólítíseraður (analsím og kabasít). Sýni A; Mjög blöðrótt og um 40% fyllt. A sýnið er minna blöðrótt en önnur sýni með sama númeri. 2 sprungur undir um 70° horni.

C-9

H-60. Flögótt dýlött basalt um 2-3 m ofar en H-59. Feltmynd af afstöðu H-59 og H-60. Sýni A; Nær blöðrulaust og sprungulaust.

C-12

H-61. Þóleiít hraunlag um 8 m þykkt, sýnið tekið um 1 m ofan við botn lagsins og borað samsíða straumflögum. Bergið er fínkorna og þétt. Gamall steiptur vatnsveitustokkur neðan lagsins. Sýni A; Staksmáblöðrótt, fylltar með dökkum leir, straumflögum er sterk, en engar sprungur sjást fylgja henni og sprungur sjást ekki.

C-10

H-62. Sýni nærri toppi sama þóleiít hraunlags og H-61. Bergið smáblöðrótt. Karginn veðraður í burtu af laginu. Borað þvert á straumflögum. Ath. H-61. Feltmynd gerð af afstöðu H-61 og 62. Sýni A; Smáblöðrótt, leirskán í blöðrum, ca. 40 % fylltar (smærri blöðrumar fylltar, þær stærri allt niður í 20%).

C-10

H-63. Fínkorna þétt þóleiút hraunlag 10-15 m þykkt við hliðina á vatnsveitustíflunni. Borað um 1 m frá botni lagsins. Borað samsíða straumflögun. Sýni A; Blöðrulaust, sterk straumflögun undir 90° horni, engar sprungur sjáanlegar sem fylgja straumflöguninni.

C-10

H-64. Fínkorna þóleiút hraunlag, nærri toppi sama lags og H-63 er borað í. Borað samsíða straumflögun, en hún er ekki áberandi í þessu lagi. Feltmynd af afstöðu H-63 og 64. Sýni A; Blöðrulaust, veðrunarfletir í sýninu undir um 30° horni, 2 sprungur undir um 45° horni.

C-10

H-65. Samlímt konglómerat. Sjá nánar feltbók. Tvær pappírsmýndir. Sýni A; Stakar tómar blöðrur, ávöl bergkorn í ljósum millimassa.

C-49

### Innri-Hólmur við norðurströnd Akraness

Setlag í fjörunni neðan og vestan við bæinn Innra-Hólm. Zeólítíserað. Setið er fremur fínt (túffkennt?) með stöku hnullungum. Sérstök ummyndun sem felst í áberandi ummyndunarsónum í kringum jarðhitaæðar.


H-66. Borað í dökka hlutann og minna ummyndaðan.

Prjár pappírsmýndir eru til af H-66 og H-67.

C-24

H-67. Kjarni úr ljósari hlutanum, og í sprunguummynduninni. Feltmynd af bergútliti ásamt ljósmyndum. Sýni A; Móbergssæt. Molar mjög túffkenndir og setið óreglulegt að lit. Blöðrur smáar og virðast að miklu fylltar, 1 sprunga undir 90° horni.

C-24



H-68. Plagióklas dílótt hraunlag um 4 m þykkt og liggur ofan á setlaginu. Mjög zeólítaríkt en blöðrur ekki fylltar heldur meira húð í blöðrunum. Kabasít, analsím, thompsonít og vottur af skólesíti, e.t.v. phillipsít. Ein pappírsmýnd er til af H-68 og H-69. Sýni A; Stakblöðrótt >60% fylltar, engar sprungur sjáanlegar.

C-12

H-69. Tekið um 30 cm ofar í sama hraunlagi og H-68. Sýnið er mun blöðróttara. Feltmynd teiknuð af afstöðu H-68 og H-69. Sýni A; Mjög blöðrótt og minnstu blöðrur alveg fylltar (zeólítar) þær stærri >20%, engar sprungur sjáanlegar.

C-12

H-70. Tekið vestar í sama lagi og H-68 og 69. Mjög blöðrótt og zeólítíserað neðra borð hraunlagsins um 30cm ofan lagmótanna. Ein pappírsmýnd er til. Sýni A; Mjög blöðrótt, analsím í blöðrum ca. 40% fylltar, minni blöðrur fylltar en þær stærri minna fylltar, 3 sprungur, þar af ein opin við kjamayfirborð.

C-12

## Kúludalsá sunnan Akrafjalls

H-71. Dílótt basalt vestan við ósa árinna. Mesólít - skólesít belti. Borað í þétt berg. Karginn er óreglulegur þar sem sýnið er tekið. Til er ein pappírsmýnd af H-71 og H-72. Sýni A; Að því virðist blöðrulaust, 3 sprungur undir um 70° horni. (Yfirleitt eru sprungur í kjamanum taldar með hringferð um 2 cm kjarnabút og þeirri tölu deilt með 2).

C-12

H-72. Hraunlagið ofan H-71 og vestan. 6-8 m þykkt dílótt eins og síðasta sýni. Ein pappírsmýnd er til. Sýni A; Nokkuð smáblöðrótt og fylltar með dökkum leir, sprungulaust. Stór blaðra (1 cm) aðeins 30 % fyllt.

C-12.

## Járblendiverksmiðjan

H-73. Basaltlag niðri í fjöru beint fyrir neðan verksmiðjuna. Stórblöðrótt plagíóklas dílótt líklegt þóleiút í skólesít-mesólítbelti. Ein pappírsmýnd er til. Sýni A; Stakblöðrótt að mestu fylltar, 3 sprungur með 90°. Sterk straumflögun (þóleiútleig) undir um 0° horni.

C-12

## Akraneskaupstaður

H-74. Ólivín þóleiút hraunlag. Sýnið tekið á klöpp á milli vitanna á Skipaskaga. Borað ofan í hana. Hraunlögin líklega innan dyngju. Ein pappírsmýnd er til. Sýni A; 2 blöðrur, með dökkri leirskán, sprungulaust.

C-11

H-75. Borað ofan í ólivín þóleiút hraun við nýja vitann. Samskonar hraun og H-74. Sýni A; Stakblöðrótt, 60% fyllt, 2 sprungur.

C-11

H-76. Borað í sama berg sunnan eða suðaustan við skreiðarhjalla HB. Sýni A; 1 fyllt blaðra, sprungulaust.

C-11

H-77. Fært sig um 5 m í átt að sjónum og borað í sama lag en mun blöðröttara en H-76. Sýni A; 2 smáar blöðrur, 2 sprungur undir 0° horni.

C-11

## Ytri-Hólmur, fjaran austan megin við bæinn

H-78. Ólivín þóleiút basalt úr dyngju. Sýni A; Grófkorna ólivín þóleiút, blöðrulaust, sprungulaust.

C-11

H-79. Dyngjubasalt, grófkorna, um 50 m austar borað í fremur þéttan hluta lags. Sýni A; Blöðrulaust, 1 sprunga undir um 90° horni.

C-11

H-80. Dyngjubasalt, sama og síðasta sýni nema blöðróttara. Um það bil 10 m austan við H-79. Sýni A; Nær blöðrulaust, grófkorna ólivín þóleiðt, mögulegar 2-3 sprungur undir 20° horni.

*C-11*

## Hveragerði

HG-1. Móberg við Sauðá, nokkuð innan við bæinn Gufudal, dökkbrúnt með grænleitum yrjum, í smektít belti.

*C-23*

HG-2. Þétt þóleiðt hraun, litlu innar, í smektít belti.

*C-10*

HG-3. Ljósgrágrænt móbergstúff, etv í blandlagi, en innan smektít-beltis, við jarðhitasprungu, ca. 50 m innan við HG-2, við áнна.

*D-23*

HG-4. Þétt fínkorna þóleiðt hraun næst fyrir ofan HG-3, ca. 15-20 cm frá jarðhitasprungunni (N40°A/75°NV).

*D-10*

HG-5. Móberg í blandlags-belti nokkru innar. Erfitt var að ná nógu löngum kjarna.

*D-23*

HG-6. Laggangur, blöðróttur, holufylltur, 30 cm breiður. Við HG-5 í blandlags-belti.

*D-15*

HG-7. Svipaður laggangur og HG-6, en 10-15 cm breiður.

*D-15*

HG-8. Ennþá ofar með Sauðá, móberg í blandlags klórít-belti, á sama stað og Guðmundur Ómar Friðleifsson og Peter Schiffman tóku sýni H-7 skömmu áður.

*E-23*

HG-9. Gangur, sami og sýni H-5 og H-6 í Schiffmans sýnum.

*E-15*

HG-10. Þétt þóleiðt basalt.

*E-10*

HG-11. Móbergssýni úr bjargi borið niður að Sauðá með framhlaupi úr Reykjafjalli.

*B-23*

HG-12. Sama og HG-11 en úr fínkornóttara túff.

*B-23*

HG-13. Áberandi grófkoma, gjallríkt móbergstúff eða þursi úr framhlaupsbjargi. Sýni HG-11-13 eru eingöngu palagónítiseruð en ekki jarðhitaummynduð.

*B-22*

HG-14. Þétt þóleiðtbasalt úr stuðluðum hluta hrauns, sambærilegt við HG-10 úr blandlag/klórít belti.

*E-10*

HG-15. Basaltgangur (N-S/90, 40 cm) í Grensdalsmyndun við Sauðá í klórít-belti. Sama og sýni H-9 og H-10 hjá Schiffman.

*E-15*

HG-16. Heiðgrænt móbergstúff 20 cm frá HG-15, sama og H-11 hjá Schiffman.

E-23

HG-17. Gangur, 20 cm, stutt frá HG-15.

E-15

HG-18. Heiðgrænt móberg ofar við Sauðá þar sem við Schiffman tókum sýni H-12 og HV-1-3, í klórítbelti.

E-23

## Reykjaneskagi

R-1. Fínkorna hraun við Kaldársel í Hjallamisgenginu. Sýni R-1 er ca 5 m neðan við efri brún helluhraunsins í þéttasta hluta þess sem er með óreglulegar þverrákir (einskonar stuðlar), en hraunið er auk þess stórstuðlað þar sem hver stuðull er um 1 m í þvermál.

B-10

R-2. Sama hraun og R-1 en 2 m ofar í blöðróttari hluta, blöðrumar eru samsíða flæðiböndunum, útflattar.

B-10

R-3. Sama hraun, ca 2 m ofar, borað lóðrétt ofan í hraunið. R-1 og R-2 voru lárétt inn í stálið.

B-10

R-4. Sama hraun, efst, borað lóðrétt niður í helluhraunsklöppina.

B-10

R-5. Næsta hraun ofan við R-1 til R-4. Borað var niður í helluhraunsfleka, mjög blöðróttan. Sýnið flokkað sem kargi eins og R-6, en að sjálfsögðu orkar sú flokkun tvímælis.

B-9

R-6. Sama og R-5.

R-7. Rauðamalargjall úr bruna í vegi við Hjallamisgengið. Flokkað sem kargi í sýnaskrá.

B-9

R-8. Jökulbergssæt úr móbergi og hálfínuðum steinum, milli Valahnúka og Helgafells. Setefnið er ekki aðkomið heldur myndað undir grunnum jökli úr nálægu móbergi.

B-24

R-9. Þursamóberg úr Valahnúkum, brúnleitt með basaltbrotum. Sýnið er úr brúna matrixu efninu.

B-22

R-10. Móbergstúff úr Helgafelli, norðaustantil, fremur gróft með gjallhrati og því gropið.

B-22

R-11. Hraun austan við Helgafell og Valahnúka, tekið í misgengisstalli. Þetta sýni er ca 3 m neðan yfirborðs, borað á ská niður.

B-10

R-12. er úr sama hrauni tekið á yfirborði, lóðrétt niður í hraunhelli.

B-10

R-13. Móbergstúff úr austanverðu Helgafelli, fínlagskipt. Þetta sýni er úr fínkorna lagi.

B-23

R-14. Sama móbergstúff og R-13 en úr grófkorna lagi, sem virðist grofnara.

B-22

R-15. Móbergstúff, gjallkennt, SA undir Helgafelli.

B-22

R-16. Mjög fínkoma móbergstúff SV undir Helgafelli.

B-23

R-17. Mjög gropin hraunhella í hrauninu vestan Helgafells. Sýnið flokkað með karga svipað og R-5, 6 og 7.

B-9

## Krisuvík

R-18. Sýnaröð við Kleifarvatn. Byrjað við veg norðan til. Þetta sýni er úr bólstrabroti í þursabergsbreksíu sem er ekki ýkja palagónítseruð. Af þeim sökum tókst ekki að ná sýni úr túffhlutanum nema úr því allra fínkornóttasta sem er sýni R-19.

B-21

R-19. Fínkornótt túff, sama stað og R-18.

B-23

R-20, R-21, R-22, R-23, R-24, R-25. Kleifarvatn úr syðsta tanganum (Lambhaga). Þar er fallett ólivín þóleiít bólstraberg í fjörunni austast. Bólstramir eru fremur smáir, þvermál ca 30-40 cm, óreglulega stuðlaðir. Fjögur sýni eru boruð frá glerkápu inn í bólstrana, en tvö í þetta innviði.

B-21

R-26. Syðrihöfði. Fínkornótt túff, borað homrétt á lagskiptingu.

B-23

R-27. Syðrihöfði. Fínkornótt túff, homrétt á lagskiptingu, í sama túffi og R-26.

B-23

R-28. Syðrihöfði. Þursaberg, borað í matrixu.

B-22

R-29. Syðrihöfði. Bólstrabrot í sama þursabergi og R-28.

B-21

## 4.2 SÝNASÖFNUN 1993

### Sandabotnaskarð hola KH-1

KH-1. Dýpi 33.0 - 33.10 m, basaltbreksía.

C-22

KH-2. Dýpi 36.9 - 37.0 m, talað um þetta sem breksíu í lýsingunni, en virðist vera fínkornótt basalt við nánari skoðun.

C-10

KH-3. Dýpi 42.43 - 42.63 m, basalt breksía.

C-22

KH-4. Dýpi 44.95 - 45.10 m, Halarauður.

C-40

KH-5. Dýpi 46.75 - 46.9 m, Halarauður úr kassa 4 (rauð og svört sambreiskja).



C-40

KH-6. Dýpi 48.95 - 49.10 m, Halarauður - gráleitur með rauðum molum í en ekki sambrædd eða með slíkum strúktúr heldur eins og breksían sé samlímd og hafi ekki runnið til.

C-40

KH-7. Dýpi 54.13 - 54.23 m, neðan við Halarauð. Grásvört samlímd (líklega með zeólítum) breksía.

C-22

KH-8. Dýpi 59.1 - 59.25 m, grábrún breksía (ath. lýsingu úr kassa 6).

C-22

KH-9. Dýpi 63.9 - 64.0 m, blöðrótt grátt basalt og það sést glitta á pýrít.

C-10

KH-10. Dýpi 68.5 - 68.6 m, fínkornótt smásprungið basalt og hálf blöðrufyllt.

C-10

KH-11. Dýpi 76.8 - 76.9 m, útfellingaríkt móbergstúff.

C-23

KH-12. Dýpi 87.10 - 87.20 m, fínkornótt basalt.

C-10

KH-13. Dýpi 94.3 - 94.4 m, basaltbreksía milli hraunlaga og er ljósgræn á lit.

C-22

KH-14. Dýpi 115.20 - 115.30 m, sæmilega - illa kristallað fín-meðalkorna ljósgrátt basalt.

C-10

KH-15. Dýpi 127.33 - 127.43 m, fínkornótt blöðrótt basalt.

C-10

KH-16. Dýpi 131.2 - 131.3 m, samþjappað móberg eða túff.

C-23

KH-17. Dýpi 107.24 - 107.34 m, morkin basalt breksía.

C-22

KH-18. Dýpi 108.75 - 108.85 m, fínkornótt gangberg.

C-15

KH-19. Dýpi 119.65 - 119.75 m, mjög ummyndað illa - sæmilega kristallað blöðrótt basalt.

C-10

KH-20. Dýpi 137.3 - 137.4 m, mjög blöðrótt ummynduð basaltbreksía eða kargi.

C-22

KH-21. Dýpi 151.2 - 151.5 m, mjög pýrítrík breksía (eins og mosaík).

C-22

KH-22. Dýpi 163.5 - 163.6 m, blöðrótt gróf breksía rétt ofan við blöðrótt basalt.

C-22

KH-23. Dýpi 167.8 - 167.9 m, fínkornótt grátt smáplagíóklasfíllótt basalt.

C-12

KH-24. Dýpi 172.1 - 172.2 m, fín-meðalkorna blöðrótt og oxað basalt, blöðrur ekki alltaf fylltar.

C-10

KH-25. Dýpi 176.6 - 176.7 m, blöðrótt basalt og eru blöðrur yfirleitt opnar.

C-10

KH-26. Dýpi 178.25 - 178.35 m, blöðrótt fínkornótt basalt og eru blöðrur að mestu tómar.

C-10

KH-27. Dýpi 182.05 - 182.15 m, móbergsbreksía.

C-23

KH-28. Dýpi 185.25 - 185.35 m, fínkornótt gangberg.

C-15

KH-29. Dýpi 190.2 - 190.3 m, móberg.

C-23

KH-30. Dýpi 203.15 - 203.25 m, basaltbreksía eða mjög blöðrótt basalt.

C-22

